

Árna Guðjónssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 55.000.00 í talsmannslaun.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 23. nóvember 1973.

Nr. 68/1972: **Ólöf Tómasdóttir**

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

**Volter Antonssyni**

**f. h. A/S Bogforlaget Dana**

(sjálfur).

**Dómenndur:**

**hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.**

Ómerking. Frávísun. Áskorunarmál.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 25. maí 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m. Krefst hún þess aðallega, að hin áfrýjaða dómsathöfn verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara krefst hún sýknu af kröfum stefnda. Þá krefst hún málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu dómsathafnar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta hefur í héraði verið rekið sem áskorunarmál samkvæmt lögum nr. 49/1968.

Stefndi hér fyrir dómi höfðaði mál þetta með utanréttarstefnu 27. desember 1971, áritaðri af Hrafni Bragasyni borgardómara 29. s. m. um, að málið yrði þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur þriðjudaginn 11. janúar 1972. Voru stefnukröf-

ur þær, að áfrýjandi yrði dæmd til að greiða kr. 3.475.00 auk 1% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 1. október 1968 til greiðsludags og málskostnaðar. Málið var þingfest á bæjarþinginu 11. janúar 1972, og var þá eigi sótt þing af hendi áfrýjanda. Ritaði Kristín Briem, fulltrúi yfirborgardómara, á stefnuna 13. janúar 1972 ákvörðun þess efnis, að stefnukröfurnar og kr. 2.500.00 í málskostnað væru aðfararhæfar að liðnum 7 sólarhringum frá birtingu áritunarinnar.

Stefna í málinu í héraði var birt af stefnuvottum í Reykjavík 29. desember 1972, og kveðast stefnuvottar hafa afhent endurrit stefnunnar.

Áfrýjandi hefur hér fyrir dómi lagt fram stefnuendurrit það, er stefnuvottar hafi afhent. Í stefnuettirriti þessu segir, að málið verði þingfest „þriðjudaginn 27. janúar 1972“. Af þessum sökum hafi hún eigi getað sótt þing í héraði á þingfestingardegi. Þar sem ettirriti því af héraðsstefnu, er stefnuvottar afhentu, var svo áfátt sem að framan greinir, fullnægir það ekki ákvæðum 3. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 7. gr. laga nr. 49/1968. Ber því þegar af þeirri ástæðu að ómerkja hina áfrýjuðu dómsathöfn og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Það athugast, að mál þetta skyldi eigi reka sem áskorunarmál samkvæmt lögum nr. 49/1968.

#### D ó m s o r ð :

Hin áfrýjaða dómsathöfn skal vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Volter Antonsson f. h. A/S Bogforlaget Dana, greiði áfrýjanda, Ólöfu Tómasdóttur, kr. 10.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.